

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Reykjavík 9.október 2020

Efni: Umsögn Byggingavettvangsins um drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun

Stjórn Byggingavettvangsins (BVV) fagnar frumvarpinu og lýsir yfir fullum stuðningi við frumvarpið. Sérstakt fagnaðarefni eru þær breytingar sem gerðar eru á nýsköpunarumhverfi byggingariðnaðarins.

Byggingariðnaðurinn sem sinnir uppbyggingu og viðhaldi á húsnæði, orku-, umhverfis-, og samgönguinnviðum landsins gegnir mikilvægu hlutverki í gangverki hagkerfisins. Í dag skapar byggingariðnaðurinn á Íslandi um 7,3% landsframleiðslunnar eða rúmlega 220 [ma.kr.](#) Um 14.300 manns starfa í bygginga- og mannvirkjagerð sem eru 6,5% af heildarfjölda starfandi í hagkerfinu og velta greinarinnar nemur tæplega 360 ma.kr. Verðmæti innviða nemur þúsundum milljarða og verðmæti fasteigna er um [9.000 ma.kr.](#) Næstu ár verða tími breytinga í byggingariðnaði og þörfin á bættum og vel skilgreindum áherslum í nýsköpun, rannsóknum og þróun í greininni hefur því aldrei verið meiri.

Stjórn BVV fagnar nýsköpunarstefnu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út 2019. Henni er ætlað að gera Ísland betur í stakk búið til að mæta áskorunum framtíðarinnar með því að byggja upp traustan grundvöll fyrir hugvitsdrifna nýsköpun á öllum sviðum. Frá því að stefnan var kynnt hefur ríkissjóður veitt auknu fjármagni, 15 ma.kr, til sértæks framkvæmdaátaks til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu af völdum kórónuveirunnar. Stjórn BVV telur þó að bygginga- og mannvirkjagerð, þessi undirstöðugrein í samfélaginu, hafi setið eftir og telur það því fagnaðarefni að nú sé að því stefnt að sett verði markviss áætlun og stefna með mælanlegum markmiðum til framtíðar fyrir greinina og hlakkar til að fá að taka þátt í þeirri vinnu.

Hvað varðar útgáfu RB blaðanna sem hafa gengt mikilvægu hlutverki þar sem birtar hafa verið mikilvægar niðurstöður rannsókna sem snerta byggingariðnaðinn, telur stjórn BVV mikilvægt að útgáfa og starfsemi þeirra haldi áfram og tryggt sé fjármagn til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til að sinna því mikilvæga starfi áfram.

Virðingarfyllst, f.h Byggingavettvangsins
Sandra Hlíf Ocares

